

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 71/1999**

**frá 2. júní 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/1999 frá 26. febrúar 1999<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði almannaþarfa, samkvæmt ákvörðun ráðsins 98/22/EB<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. janúar 1998.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 271.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 8, 14.1.1998, bls. 20.

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 10. gr. (Almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

- „5. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1998 taka þátt í aðgerðaáætlun bandalagsins sem um getur í 8. mgr.
6. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til aðgerðaáætlunarinnar sem um getur í 8. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
7. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefnd EB sem aðstoðar framkvæmdastjórn EB við stjórnun, þróun og framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar sem um getur í 8. mgr.
8. Eftirfarandi gerð bandalagsins, sem og afleiddar gerðir, fellur undir þessa grein.:
  - **398 D 0022**: Ákvörðun ráðsins 98/22/EB frá 19. desember 1997 um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. EB nr. L 8, 14.1.1998, bls. 20).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1998.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. júní 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*